

✉ Re: FW: Ósk eftir umsögn, Austurey 1 og 3, Eyrargata 9 og Illósvegur 6, aðalskipulagsbreyting - 2107015

Búið til	9.12.2022 17:15:15
Höfundur	Borgný Katrínardóttir
Sent	9.12.2022 17:15:11
Tilheyrir	📁 202210-0035 - Umsögn vegna Austurey 1 og 3, Eyrargata 9 og Illósvegur 6 í Bláskógabyggð

Efni

Re: FW: Ósk eftir umsögn, Austurey 1 og 3, Eyrargata 9 og Illósvegur 6, aðalskipulagsbreyting - 2107015

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	9.12.2022 17:15:11	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Borgný Katrínardóttir - NI (Borgny.Katrinardottir@ni.is)
Til	ellisif@utu.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202210-0035 (BK,OKV).

Vísað er til tölvubréfs frá ritara Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs., dags. 31. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við aðalskipulagsbreytingu er varðar Austurey 1 og 3, Eyrargötu 9 og Illósveg 6 í Bláskógabyggð.

Svæðið sem um ræðir er við norðanvert Apavatn og liggur að Hólá, Hagaósi og Apavatni. Aðkoma að svæðinu er um Eyjaveg (nr. 364) frá Laugarvatnsvegi (nr. 37) og þaðan til austurs eftir Vagnbraut og Illósvegi meðfram norðurbakka Apavatns að Hóláa. Þaðan er svo farið eftir Eyrargötu til suðurs út á tangann.

Breytingin felur í sér að frístundalóðinni Eyrargötu 9 (F40) verður breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu til að heimila þar gistingu í flokki II, sbr. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016. Hús er til staðar á lóðinni sem hefur verið leigt út fyrir gistingu. Gerð verður breyting á aðkomuleið, Vagnbraut, auk annarra minniháttar breytinga á götum.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér aðalskipulagsbreytinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Líkt og fram kemur í greinargerðinni þá eru skipulagsreitirnir innan svæðis sem hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á B-hluta Náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, ferskvatnsvistgerða og fugla (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/laugarvatn-apavatn-bruara>) (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/laugarvatn-apavatn-bruara>). Um mörk svæðisins segir: „Laugarvatn og Apavatn í Laugardal og Brúará frá upptökum við Högnhöfða suður að ármótum Hvítar við Skálholtstungu. Svæðið nær einnig til Hólaár sem rennur til suðurs úr Laugarvatni, auk 100 m verndarjaðars meðfram árbökkum og umhverfis Apavatn.“

Það er álit Náttúrufræðistofnunar að 50 m jaðar við vötn og ár sem miðað hefur verið við sé of knappur og ætti að notast við 100 m sem lágmarksfjarlægð, sérstaklega þegar um er að ræða fuglaríkt vatn líkt og Apavatn. Við Hagaós eru t.d. oft vakir á veturna vegna jarðhitaáhrifa og eru þær eftirsóttar af vatnafuglum. Hvers kyns truflun við ósinn er því mjög óæskileg.

Þá hefur allt Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Helligheiði verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega háa þéttleika vaðfugla (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016). Láglandi Suðurlands er einnig það dreifbýli sem líklega er undir mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að búsvæðum vaðfugla á svæðinu. Má þar nefna hugmyndir um stórfellda aukningu í skógrækt á láglandi og aukinn fjölda sumarhúsa en sumarhúsa byggð fylgir yfirleitt plöntun trjágróðurs. Getur það haft neikvæð áhrif á vaðfuglategundir sem langflestar eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast ekki í skóglendi, auk þess sem þéttleiki þeirra er lægri við skógarjaðra sem og í grennd við ýmis mannvirki (Tómas Grétar Gunnarsson 2020).

Á nesinu við útfallið á Apavatni má gera ráð fyrir að runnamýrar séu ríkjandi votlendisvistgerð ásamt starungsmýrum en báðar þessar vistgerðir hafa mjög hátt verndargildi. Þá er þar einnig að finna língresis- og vingulsvist og grasengjavist sem eru með hátt verndargildi (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). En þarna hefur þessum vistgerðum þó verið raskað með framræslu og byggð sem dregur úr verndargildi þeirra.

Í greinargerðinni er það metið svo að tiltekin breyting á aðalskipulagi hafi í för með sér „óveruleg áhrif“ á gróður og dýralíf sem og á ásýnd og landslag. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að horfa á skipulagið á þessu svæði sem heild og teljast áhrifin á ofangreinda þætti þá umtalsverð. Er það metið svo vegna þess að á þessu svæði er búið að skipuleggja og hefja uppbyggingu frístundabyggðar og skógræktar á og við bakka stöðuvatna og straumvatna sem hafa hátt verndargildi vegna þeirra fuglastofna sem nýta þessi vötn. Verndarsvæði við bakka er skammtað of naumt og ætti að takmarka byggingar og trjárækt við 100 m fjarlægð frá bökkum. Með fyrirhugaðri landnýtingu er verið að umbreyta landi sem hefur mjög hátt eða hátt verndargildi vegna vistgerða og sem búsvæði vaðfugla. Þarna virðast meðal annars hafa verið grafnir skurðir gagngert til að ræsa betur fram land undir skógrækt. Votlendi geymir mikið kolefni sem við framræslu losnar út í andrúmsloftið og því gengur það þvert gegn markmiðum um kolefnisbindingu að raska slíkum svæðum.

Reyndar er það svo að víða í grennd við Apavatn hefur landi verið umbreytt fyrir frístundabyggð og skógrækt. Náttúrufræðistofnun hvetur því eindregið til þess að sveitarfélögin tvö sem eiga land að vatninu marki sér stefnu um verndun lítt eða óraskaðra svæða sem enn má finna við vatnið og hlífi sem stærstum svæðum við frekari uppbyggingu. Á það ekki einungis við um votlendi heldur einnig mólendi sem eru mikilvæg búsvæði vaðfugla en þegar hefur verið gengið á stóran hluta mólendis á láglandi Suðurlands.

Náttúrufræðistofnun vill að auki benda á að þrátt fyrir að ekki sé um afgerandi breytingar á skipulagi að ræða, þá fylgir þeim óvissa um hvort gistipjónusta, gestagangur og böð muni valda truflun fyrir vatnafugla sem dvelja við Hagaós og hvort aukin nýting afrennslis úr hver muni skerða rennslí á heitu vatni í ósinn. Getur það dregið úr myndun á vökum á vatninu og í ósnum sem myndi hafa neikvæð áhrif á þá fugla sem nýta þær.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Heimildir:

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55. 295 s.

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2-3) bls. 145-162.

Bestu kveðjur
Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, náttúruverndarsvið / Biologist, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)

From: "Ellisif Malmo Bjarnadóttir" <ellisif@utu.is>

To: "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "sigrun@hsl.is" <sigrun@hsl.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "ba@babubabu.is" <ba@babubabu.is>

CC:

Subject: FW: Ósk eftir umsögn, Austurey 1 og 3, Eyrargata 9 og Illósvegur 6, aðalskipulagsbreyting - 2107015

Date: 31.10.2022 11:10:04

Hér er leiðréttur texti á fyrri póst, en um **aðalskipulagsbreytingu** var hér að ræða. Deiliskipulag er líka í vinnslu og kemur ósk eftir umsögn þar um í öðrum tölvupósti.

From: Ellisif Malmo Bjarnadóttir

Sent: föstudagur, 28. október 2022 14:31

To: kristinn@minjastofnun.is; postur@minjastofnun.is; axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is; ust@ust.is; ni@ni.is; hsl@hsl.is; sigrun@hsl.is; Vegagerðin - VG <vegagerdin@vegagerdin.is>; ba@babubabu.is

Subject: Ósk eftir umsögn, Austurey 1 og 3, Eyrargata 9 og Illósvegur 6, deiliskipulagsbreyting - 2107015

Góðan dag

Óskum hér með eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi greinargerð fyrir dskbr. Vegna Austurey 1 og 3, Eyrargata 9 og Illósvegur 6 í Bláskógabyggð.

Auglýst tillaga frá 27. október 2022 til 9. des.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,
Ellisif Bjarnadóttir
Ritari skipulagsfulltrúa



Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: ellisif@utu.is (<mailto:ellisif@utu.is>)

Vefsíða: www.sbf.is/ (<http://www.sbf.is/>)

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á [island.is](http://www.island.is/) (<http://www.island.is/>) (mínar síður)



